

Hafnarfirði, 20. apríl 2020

Efni: rekstrarliðir til lækkunar fyrir umhverfis- og framkvæmdarráð, vegna Covid 19

Þau verkefni sem falla undir ráðið er að stærstum hluta viðhald gatna og húsnæðis og eru þau lögbundin verkefni sveitarfélaga. Þá hefur verið rætt að bæta frekar í þau verkefni.

Því eru stærstu liðir hjá okkur að mestu fastir sem og hlutdeild í Sorpu, kostnaður vegna Heilbrigðiseftirlits og hlutdeild í Strætó, fyrir utan kostnað vegna starfsmanna sviðsins.

Starfsmönnum hefur fækkað frá árinu 2000 um 20, þó að aðeins hafi verið bætt við á síðustu 2 árum. Á sama tíma hafa komið stór hverfi sem starfsmenn hafa bætt á sig, svo sem Ásland, Vellir Skarðshlíð, Hellnahraun, Norðurbakki og Skipalón svo eitthvað sé nefnt.

Þau verkefni sem koma til skoðunar til lækkunar á rekstrarkostnaði eru eftirtalin: Að hluta sinna verktakar þessum verkefnum og að hluta starfsmenn okkar og sumarstarfsmenn.

Vorhreinsun, spurning um breytingar á útfærslum.

Minni sópun á götum og stígum.

Minnka jólaskreytingar.

Minni snjómokstur á stígum, taka forgangsstíga út?

Minnka slátt og umhirðu bæjarlandsins.

Hraða LED væðingu á ljósastaurum.

Umhverfisvaktin

Umhverfispotturinn

Með kveðju,

Sigurður Haraldsson

SVIÐSSTJÓRI UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐS